

- 133
16. okt. **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af „matrix“ (myndamót).**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla „matrix“ (myndamót) sem myndamót (Chlicheér) með 7 auru vörumagnstolli hvert kg og 8% verðtolti.

- 134
16. okt. **Aðvörun frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um matjurtasjúkdómahættu vegna innflutnings jarðepla og grænmetis til brezka setuliðsins.**

Vegna þeirrar hættu, sem er á því, að matjurtasjúkdómar geti borizt til landsins með jarðeplum og grænmeti, sem hingað flyzt frá útlöndum, eru menn varaðir við því, að reyna að notfæra sér til skepnufóðurs eða áburðar ósoðinn jarðepla- eða grænmetisúrgang frá brezka setuliðinu. Sama er um úrgang úr erlendum jarðeplum og grænmeti, sem flutt eru inn til sölu í landinu. Einnig eru menn varaðir við að fleygja slíkum úrgangi frá sér, þannig, að skepnur geti komizt í hann eða sýklar borizt í jarðveginn með honum.

Jafnframt þessu skal það brýnt fyrir öllum þeim, sem hugsa til jarðeplaræktunar á komandi sumri, að taka frá í tíma nægilegt útsæði af innlendum jarðeplum og að nota engin erlend jarðepli til útsæðis, nema þau, sem grænmetisverzlun ríkisins eða atvinnudeild háskólans kynnu að láta út í því skyni.

- 135
18. okt. **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um reglur fyrir almenning um umferð með ströndum fram vegna hernaðaraðgerða Breta.**

Brezku hernaðaryfirvöldin hér á landi hafa talið nauðsynlegt að setja strangar reglur um umferð almennings með ströndum fram á nánar tilgreindum svæðum, þar sem hervörður er hafður.

Svæðin eru þessi:

- a) Strandlengjan frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum.
- b) Strandlengjan frá Skagafirði til Skjálfanda, að þeim fjörðum meðtöldum.
- c) Strandlengjan frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum, og
- d) Strandlengjan báðum megin Hrútafjarðar fyrir sunnan Hrútey.

Reglna þessara skal gætt á hverjum stað á tímabilinu frá einni stundu eftir sólsetur til einnar stundar fyrir sólarupprás, og þeir sem vanrækja að fara eftir þeim, geta átt á hættu að verða fyrir líftjóni.

Myrkurtíminn fyrir hvern mánuð verður auglýstur hinn 1. þess mánaðar, fyrir hvert svæði.